

D Ó M U R

Héraðsdóms Vesturlands 3. október 2006 í máli nr. S-271/2006:

Ákærvaldið

(Ólafur Þór Hauksson sýslumaður)

gegn

Elmari Frey Ásbjörnssyni

(Hilmar Ingimundarson hrl.)

Mál þetta höfðaði sýslumaðurinn á Akranesi með ákæru 3. ágúst 2006 á hendur ákærða, Elmari Frey Ásbjörnssyni, kt. [---], Sandabraut 17 á Akranesi. Málið var dómtekið 18. september sama ár.

Í ákæruskjali segir að málið sé höfðað gegn ákærða „fyrir eftirgreindar líkamsárásir fyrir utan og á Hótel Barbró, Kirkjubraut 11, Akranesi með því að hafa:

I.

Ráðist á Ófeig Gestsson, kt. [---], og skallað hann í andlitið með þeim afleiðingum að Ófeigur hlaut mar og hrúfl á enni.

Telst brot þetta varða við 217. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, sbr. 10. gr. laga nr. 20/1981 og 110 gr. laga nr. 82/1998.

II.

Ráðist á Sigurð Ívar Leifsson, kt. [---], hent honum nokkrum sinnum utan í vegg og slegið hann nokkur hnefahögg í öxl þannig að hann féll við og að hafa sparkað nokkrum sinnum í Sigurð þar sem hann lá með þeim afleiðingum að Sigurður fór úr lið á vinstri öxl og hlaut yfirborðsáverka á höfði og hendi.

Telst þetta varða við 1. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 111. gr. laga nr. 82/1998.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar.“

Í ákæru er einnig höfð uppi skaðabótakrafa sem Sigurður Ívar Leifsson gerir á hendur ákærða. Krefst Sigurður þess að ákærða verði gert að greiða sér 947.516 krónur, auk vaxta samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001 frá tjónsdegi hinn 4. júní 2006 til 27. júní sama ár, en dráttarvaxta samkvæmt III. kafla sömu laga frá þeim degi til greiðsludags, sbr. 9. gr. laganna.

Ákærði krefst þess að hann verði sýknaður af refsikröfu og að bótakröfu verði vísað frá dómi. Jafnframt krefst ákærði þess að sakarkostnaður verði felldur á ríkissjóð. Til vara er gerð krafa um vægustu refsingu sem lög frekast leyfa og að bótakrafa verði lækkuð.

I.

Laugardaginn 3. júní 2006, um kl. 23.30, barst lögreglu beiðni um aðstoð frá Hótel Barbró við Kirkjubraut 11. Þegar lögreglumenn komu á vettvang hittu þeir ákærða fyrir utandyra. Í frumskýrslu lögreglu segir að við útidyrnar, sem voru læstar, hafi verið brotinn blómapottur.

Á vettvangi gaf sig fram við lögreglu Ófeigur Gestsson og sagði að ákærði hefði veist að sér og Sigurði Ívari Leifssyni. Kom fram hjá Ófeigi að Sigurður hefði forðað sér undan ákærða á hlaupum en hann sjálfur hefði náð að læsa útidyrum Hótelsins. Einnig kom fram hjá Ófeigi að Lionshreyfingin hefði tekið Hótelið á leigu yfir helgina vegna þings hreyfingarinnar sem haldið var í bænum, en hann og Sigurður hefðu tekið að sér dyravörslu á Hótelinu.

Lögregla ræddi einnig við ákærða og segir í frumskýrslu lögreglu að hann hafi sýnilega verið nokkuð ölvaður. Hjá ákærða kom fram að hann hefði ætlað að ná í dót sitt sem hann taldi vera inni á hótélherbergi er hann hefði haft á leigu. Eftir að ákærði hafði rætt við lögreglu var hann frjáls ferða sinna.

Í kjölfar atburða leitaði Sigurður Ívar Leifsson sér aðhlynningar á slysadeild Sjúkrahúss Akraness. Í áverkavottorði frá 15. júní 2006 segir svo:

„Lýsing Sigurðar:

Var við vinnu sem dyravörður á Hótel Barbró í kvöld þegar ungur maður réðst á hann í anddyrinu, kýldi hann endurtekið og sparkaði í hann um allan líkamann. Henti honum einnig utan í vegg og niður á jörðina. Við það lenti hann illa á vinstri öxlinni og hefur fundið mikið til í henni síðan. Missti meðvitund. Segist hafa

drukkið einn bjór um kvöldið.

Skoðun:

Það finnst áfengislykt af honum og virkar vægt ölvaður en gefur annars góða og skýra sögu. Við skoðun á vinstri öxl finnst greinilegur stallur neðan við acromion vinstra megin og mikil þreyfíeysli þarna, grunsamlegt fyrir luxation. Getur ekki hreyft axlarliðið vegna sárauka, passivar hreyfingar einnig gríðarlega sársaukafullar. Við skoðun á höfði sést grunnt nýlegt fleiður parietalt hægra megin, ca. 2x3 cm að stærð. Nýlegt fleiður thenart í vinstri lófa, um 1 cm í þvermál. Ekki greinast aðrir áverkar við skoðun.

Rannsóknir:

Röntgenmynd af vinstri öxlinni staðfestir fremra liðhlaup þar. Ekki að sjá brot.

....“

II.

Ákærði skýrði svo frá fyrir dómi að hann hefði tvívegis umrætt kvöld komið við á Hótel Barbró eftir að hafa orðið þar mannaferða var. Kvaðst ákærði hafa átt þar dót frá því hann leigði herbergi á Hótelinu en ákærði sagðist lengi hafa beðið þess að geta nálgast þessar eigur sínar. Í fyrra sinnið sem ákærði kom við á Hótelinu sagðist hann hafa rætt við Sigurð Ívar Leifsson og látið hann vita um erindi sitt. Einnig kvaðst ákærði hafa sagt Sigurði að hann væri væntanlegur aftur síðar um kvöldið.

Um klukkustund síðar þegar ákærði kom í síðara sinnið við á Hótelinu sagði hann að Sigurður og Ófeigur Gestsson hefðu verið búnir að fá sér í glas og verið með skæting við sig. Ákærði lýsti framhaldinu þannig að Sigurður og Ófeigur hefðu neitað sér að ná í dótið og ætlað að henda sér út. Í því skyni sagði ákærði að þeir hefðu rífið í sig og verið að draga sig út þegar ákærði tók á móti og dró þá út með sér. Kvaðst ákærði síðan hafa hrist Sigurð og lagt hann á jörðina. Eftir það hefði ekki komið til frekari átaka en Sigurður hefði hlaupið á brott. Ákærði taldi sennilegast að Sigurður hefði farið úr axlarlið þegar hann lenti á jörðinni. Þó tók ákærði fram að hann hefði ekki lent harkalega. Þá þvertók ákærði fyrir að hafa veitt Sigurði hnefahögg eða sparkað í hann liggjandi.

Ákærði kannaðist ekki við að hafa í umrætt sinn skallað Ófeig. Í öllu falli sagðist ákærði ekki hafa gert Ófeigi neitt af ásettu ráði en hugsanlega rekist eitthvað í hann. Þá neitaði ákærði að hafa brotið blómaker fyrir utan Hótelid.

Aðspurður sagði ákærði að hann hefði ekki verið undir áhrifum áfengis. Einnig tók ákærði fram að allt málið hefði verið blásið upp og meira gert úr en efni væru til.

III.

Vitnið Sigurður Ívar Leifsson bar fyrir dómi að þetta kvöld hefði hann verið að störfum sem dyravörður á Hótelinu í sjálfböðavinnu fyrir Lionshreyfinguna. Vitnið lýsti því að ákærði hefði komið og sagt að hann ætti dót inni á einu herbergi Hótelsins. Vitnið kvaðst þá hafa sagt ákærða að ekki væri hægt að hleypa honum inn á herbergi eða aðhafast nokkuð af þessu tilefni þá um kvöldið. Hins vegar kvaðst vitnið hafa sagt ákærða að koma síðar og ræða við þá sem hefðu með Hóтелиð að gera. Við svo búið sagði vitnið að ákærði hefði farið en hann hefði komið aftur á Hóтелиð síðar um kvöldið þegar liðið var að miðnætti og ítrekað ósk sína. Vitnið kvaðst þá hafa sagt ákærða að útilokað væri að hleypa ókunnugum manni inn á hótelherbergi sem væri í útleigu. Framhaldinu lýsti Sigurður þannig að ákærði hefði ætlað að rjúka upp stiga og inn á herbergishæð en vitnið kvaðst þá hafa beðið ákærða að koma til baka. Í þessu hefði borið að Ófeig Gestsson, sem átti að leysa vitnið af og taka við dyravörslu. Ákærði hefði síðan fylgt þeim niður stigann og að útidyrum, án þess að nokkuð hefði verið tekið á honum, en þá hefði eins og runnið á hann æði. Nánar lýsti vitnið atburðum þannig að ákærði hefði fyrst skallað Ófeig í ennið en síðan þrifið vitnið út og hent því utan í vegg og sparkað fæturna undan vitninu tvívegis þannig að það féll í götuna. Einnig sagði Sigurður að ákærði hefði sparkað í sig liggjandi í götunni en að lokum sagðist vitnið hafa forðað sér á hlaupum. Aðspurður gat Sigurður ekki fullyrt hvort ákærði hefði slegið hann áður en vitnið féll í götuna. Einnig gat Sigurður ekki lýst því nákvæmlega hvenær í þessum átökum hann fór úr axlarlið. Um afleiðingarnar sagði Sigurður að þær gætu orðið varanlegar því hætt væri við að hann færi aftur úr lið og óvíst væri hvort hann fengi fullan mátt í handlegginn. Einnig sagðist vitnið finna fyrir andlegum óþægindum sem lýstu sér í ótta.

Vitnið Ófeigur Gestsson greindi þannig frá atburðum fyrir dómi að hann hefði komið skömmu fyrir miðnætti til að leysa Sigurð Ívar Leifsson af við dyragæslu á Hótelinu. Ákærði hefði þá verið staddur á Hótelinu þeirra erinda að fá dót sitt sem hann taldi þar að finna. Vitnið sagði að ákærði hefði verið beðinn að fara, enda væri þetta málefni óviðkomandi þeim sem þá höfðu Hóтелиð allt á leigu. Framhaldinu lýsti Ófeigur þannig að ákærði hefði þokast átakalaust með þeim Sigurði að útidyrum en þá hefði ákærði skallað vitnið í ennið. Ófeigur kvaðst hafa hrasað við og vankast lítillga en þegar Ófeigur var að rísa á fætur kvaðst hann hafa séð ákærða vera að sparka í Sigurð liggjandi í götunni. Taldi Ófeigur að ákærði hefði að minnsta kosti sparkað þrívegis í Sigurð en aðspurt gat vitnið ekki fullyrt hvort ákærði veitti Sigurði högg með höndum. Þessu næst kvaðst Ófeigur hafa náð að trufla ákærða en við það hefði Sigurður lagt á flóttu. Vitnið kvaðst hins vegar hafa náð að læsa útidyrum Hótelsins. Ákærði hefði þá brotið blómaker við innganginn og árangurslaust reynt að brjóta rúðu í útidyrum. Að lokum hefði lögregla komið og fjarlægð ákærða. Um afleiðingar árásarinnar sagði Ófeigur að hann hefði fengið kúlu og mar á ennið án skinnsprettu. Einnig sagðist Ófeigur hafa fundið til andlegra ónota í kjölfar atburða. Honum hefði brugðið mikið og útivið að kvöldlagi fyndi vitnið fyrir því að vera á varðbergi.

Lögreglumennirnir Kristján Hagalín Guðjónsson, Sigurður Halldórsson og Sigurður Már Gunnarsson, sem komu á vettvang í kjölfar atburða, gáfu allir skýrslu fyrir dómi. Kristján sagði að Ófeigur hefði verið mikið skelkaður og rauður á enni. Einnig kom fram hjá nöfnunum tveimur að Ófeigur hefði verið með hrufli eða skrámu á enni.

IV.

Þegar ákærði var fyrst yfirheyrður fyrir dómi neitaði hann að hafa í umrætt sinn ráðist á Ófeig Gestsson með því að skalla hann í andlitið. Eftir að ákærði hafði hlýtt á vitni bera fyrir dómi hélt hann fast við þann framburð en vildi þó ekki útiloka að hann hefði rekist í Ófeig. Um atlöguna að Sigurði Ívari Leifssyni kannaðist ákærði við að hafa hrist hann og lagt niður í jörðina fyrir utan Hótel Barbró. Hann neitaði hins vegar að hafa slegið Sigurð eða sparkað í hann liggjandi. Einnig sagði ákærði sennilegast að Sigurður hefði farið úr axlarlið þegar hann lenti á jörðinni, en tók þó fram að hann hefði ekki lent harkalega. Að áliti dómsins er þessi frásögn ákærða ótrúverðug þegar hún er metin í ljósi þeirra áverka sem Sigurður hlaut. Að því gættu og þegar skýrsla ákærða er virt í heild sinni ber hún þess ríkan blæ að ákærði vilji eftir fremsta megni gera sem minnst úr sínum hlut um þær sakir sem á hann eru bornar.

Vitnið Ófeigur Gestsson hefur fullyrt fyrir dómi að ákærði hafi í anddyri Hótelsins skallað sig í ennið. Vitnið Sigurður Ívar Leifsson hefur einnig borið á sama veg fyrir dómi. Þessi samhljóða framburður fær einnig nokkra stoð í vætti þeirra þriggja lögreglumanna sem komu á vettvang í kjölfar atburða, en þeir hafa allir lýst því fyrir dómi að Ófeigur hafi verið með áverka á enni. Samkvæmt þessu þykir sannað gegn neitun ákærða að hann hafi ráðist á Ófeig og skallað hann í andlitið með þeim afleiðingum að Ófeigur hlaut hrufli og mar á enni. Með þessu hefur ákærði gerst sekur um líkamsárás gagnvart Ófeigi en brotið varðar við 1. mgr. 217. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, með áorðnum breytingum.

Vitnið Sigurður Ívar Leifsson sagði fyrir dómi að ákærði hefði þegar út var komið hent sér í vegg en Sigurður gat hins vegar ekki fullyrt hvort ákærði hefði slegið hann áður en vitnið féll í götuna. Vitnið Ófeigur Gestsson gat ekki lýst atlögu ákærða að Sigurði áður en hann féll í götuna. Að þessu gættu þykir ekki sannað gegn neitun ákærða að hann hafi slegið Sigurð eða hent honum nokkrum sinnum í vegg og slegið hann nokkur hnefahögg í öxl, eins og ákærða er gefið að sök í ákæru. Á hinn bóginn hefur ákærði kannast við að hafa fellt Sigurð í jörðina. Jafnframt er sannað með samhljóða framburði Sigurðar og Ófeigs að ákærði hafi ítrekað sparkað í Sigurð þar sem hann lá á jörðinni. Afleiðingar líkamsárásarinnar voru meðal annars þær að Sigurður fór úr axlarlið. Með hliðsjón af þeim áverkum verður ákærði sakfelldur fyrir brot gegn 1. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga, með áorðnum breytingum.

Þau ofbeldisbrot sem ákærði hefur verið sakfelldur fyrir framdi hann í beinu framhaldi. Með hliðsjón af því að brotin beinast að tveimur mönnum ber að tiltaka refsingu ákærða eftir þeim reglum sem gilda um brotasamsteypu, sbr. 77. gr. almennra hegningarlaga.

Samkvæmt sakavottorði á ákærði nokkurn sakaferil að baki, en hann hefur á árunum 2000 til 2006 hlotið níu dóma og gengist undir fjórar lögreglustjórásáttir vegna brota á almennum hegningarlögum, lögum um ávana- og fíkniefni og umferðarlögum. Í eitt skipti hefur ákærði verið sakfelldur fyrir ofbeldisbrot, en hann hlaut dóm 30. ágúst 2001 fyrir brot gegn 1. mgr. 217. gr. almennra hegningarlaga. Var það brot framið 17. nóvember 2001 en þá var ákærði 19 ára að aldri. Hinn 1. nóvember 2004 hlaut ákærði dóm fyrir gripdeild og fíkniefnabrot. Var refsing ákveðin 10 mánaða fangelsi, en með þeim dómi var jafnframt dæmd með refsing samkvæmt fyrri skilorðsdómum frá árunum 2004 og 2002. Hinn 7. júlí 2005 var ákærða veitt reynslulausn í 1 ár af 5 mánaða eftirstöðvum þeirrar refsingar. Í kjölfarið hlaut ákærði dóma 21. nóvember 2005 og 23. maí 2006 fyrir brot gegn umferðarlögum. Með þeim dómum var ákærði dæmdur í samtals 4 mánaða fangelsi. Var sú refsing ákveðin án nokkurs tillits til óafplánaðar refsingar vegna reynslulausnar.

Með þeim brotum sem ákærði hefur verið sakfelldur fyrir í þessu máli hefur hann rofið skilyrði reynslulausnar frá 7. júlí 2005. Samkvæmt 1. mgr. 65. gr. laga um fullnustu refsingar, nr. 49/2005, sbr. 60. gr. almennra hegningarlaga, ber að taka þá refsingu upp og dæma með þeirri refsingu sem ákærði hlýtur fyrir þau brot sem hann hefur nú verið sakfelldur fyrir. Í því tilliti breytir engu, svo sem hreyft var við vörn málsins, þótt ekki hafi verið haggð við reynslulausn með dómum vegna annarra brota.

Við ákvörðun refsingar er til þess að líta að líkamsárás ákærða gegn báðum mönnunum var fólkskuleg og tilefnislaus, enda gat ákærði með engu móti vænst þess að þeir gætu sinnt því erindi sem ákærði átti á Hótelinu. Samkvæmt þessu og með hliðsjón af öðru því sem hér hefur verið rakið þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin 8 mánaða fangelsi.

V.

Af hálfu brotaþola Sigurðar Ívars Leifssonar er í ákæru höfð uppi skaðabótakrafa á hendur ákærða. Brotaþoli sundurliðar kröfuna þannig:

Þjáningabætur	kr.	22.890
Launatap	kr.	326.043
Sjúkrakostnaður	kr.	49.779
Miskabætur	kr.	500.000
Lögmannsaðstoð	<u>kr.</u>	<u>48.804</u>
	kr.	947.516

Brotapoli heldur því fram að hann hafi verið veikur í skilningi 3. gr. skaðabótalaga, nr. 50/1993, og gerir kröfu um þjáningarbætur án rúmlegru í 21 dag. Með hliðsjón af þeim áverkum sem brotapolí hlaut er ljóst að hann hefur öðlast rétt til þjáningarbóta. Á hinn bóginn nýtur ekki við læknisfræðilegra gagna í málinu um hve lengi hann var óvinnufær. Verður því að vísa þessum kröfulið frá dómi.

Brotapoli heldur því fram að hann hafi orðið fyrir tímabundnu atvinnutjóni þar sem hann hafi misst úr vinnu frá 5. júní 2005 til 28. sama mánaðar. Til stuðnings kröfu um bætur fyrir það tjón vísar brotapolí til 2. gr. laga nr. 50/1993. Í skýrslu brotapóla fyrir dómi kom fram að vinnuveitandi hans ætti eftir að taka afstöðu til þess hvort brotapolí fengi að einhverju leyti greidd laun fyrir það tímabil sem hann var frá vinnu. Meðan þetta hefur ekki endanlega verið leitt til lykta verður ekki dæmt um þennan kröfulið og er honum vísað frá dómi.

Brotapoli krefst bóta vegna útlagðs sjúkrakostnaðar samkvæmt reikningum samtals að fjárhæð 8.199 krónur. Með vísan til 1. mgr. 1. gr. laga nr. 50/1993 verður þessi kröfuliður tekin til greina. Jafnframt gerir brotapolí kröfu um að fá bættan kostnað vegna sjúkraþjálfunar og hefur lagt fram lauslega áætlun yfir þann kostnað. Á þeim grundvelli verður ekki dæmt um þann kröfulið og er honum vísað frá dómi.

Þá krefst brotapolí miskabóta úr hendi ákærða og vísar til 26. gr. laga nr. 50/1993 til stuðnings þeirri kröfu. Bendir brotapolí á að hann hafi orðið fyrir þjáningum, eymslum og ama vegna árásarinnar. Hann hafi nær stöðugan verk sem truflí svefn auk þess sem brotapolí glími við andleg óþægindi í kjölfar árásarinnar. Með atlögunni hlaut brotapolí miska og á hann því rétt á bótum úr hendi ákærða samkvæmt nefndu ákvæði skaðabótalaga. Í ljósi atvika þykja þessar bætur hæfilega ákveðnar 200.000 krónur.

Loks verður tekin til greina krafa brotapóla um bætur vegna lögmannsaðstoðar en fjárhæð þess kröfuliðar þykir hæfileg í kröfugerð brotapóla.

Samkvæmt framansögðu verður ákærða gert að greiða brotapóla bætur samtals að fjárhæð 257.003 krónur. Ber sú fjárhæð vexti samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga um vexti og verðtryggingu, nr. 38/2001, frá 4. júní 2006 til 17. ágúst sama ár en þann dag var mánuður liðinn frá því brotapolí lagði fram skriflega bótakröfu sína hjá lögreglu. Frá þeim tíma til greiðsludags ber fjárhæðin dráttarvexti, sbr. 1. mgr. 6. gr. og 9. gr. sömu laga.

VI.

Samkvæmt 165. gr. laga um meðferð opinberra mála verður ákærði dæmdur til greiðslu sakarkostnaðar samkvæmt yfirliti lögreglu um sakarkostnað og ákvörðun dómsins um málsvarnarlaun verjanda að meðtöldum virðisaukaskatti. Þá verður ákærði dæmdur til að greiða útlagðan ferðakostnað verjanda.

Benedikt Bogason, héraðsdómari, kveður upp dóm þennan.

D Ó M S O R Ð:

Ákærði, Elmar Freyr Ásbjörnsson, sæti fangelsi í 8 mánuði.

Ákærði greiði Sigurði Ívari Leifssyni 257.003 krónur með vöxtum samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga um vexti og verðtryggingu, nr. 38/2001, frá 4. júní 2006 til 17. ágúst sama ár, en dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. sömu laga frá þeim degi til greiðsludags.

Ákærði greiði 167.375 krónur í sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun verjanda síns Hilmars Ingimundarsonar, hæstaréttarlögmanns, 124.500 krónur.

Benedikt Bogason